

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs þingeyskra kvenna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður þingeyskra kvenna. Starfssvæði sjóðsins er Suður-Þingeyjarsýsla ásamt Húsavíkurbæ.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1913 af Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyjarsýslu. Lagður í byggingu Húsmæðraskólans að Laugum árið 1929. Endurreistur 1951.

Stofnfé sjóðsins við stofnun hans þann 8. maí 1953 var:

- I. Endurgreiðsla frá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyjarsýslu á fé því sem lagt var til Húsmæðraskólabyggingarinnar árið 1929, kr. 3.500.
- II. Minningargjöf um frú Kristjönu Pétursdóttur, forstöðukonu Húsmæðraskólans að Laugum, frá nemendum hennar og ýmsum aðdáendum í Þingeyjarsýslum báðum, kr. 8.500.

III. Minningargjöf sem Júlíus Havsteen sýslumaður, afhenti sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu 12. júlí 1948 til ráðstöfunar til minningar um konu sína, sýslumannsfrú Þórunni Havsteen, kr. 2.000.

IV. Minningargjöf um frú Önnu Kristjánsdóttur frá Viðivöllum í Fnjóskadal, safnað af frændfólki hennar og vinum í Suður-Þingeyjarsýslu, kr. 1.500.

Stofnfé sjóðsins 31. desember 2004 var kr. 1.742.867.

3. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins, auk hans eigin vaxta, eru frjáls framlög og minningargjafir. Skulu minningarspjöld gefin út til tekjuöflunar.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun og menningu kvenna í héraðinu.

5. gr.

Tilgangi sjóðsins skal leitast við að ná með því að:

- a) Veita konum námsstyrki. Má styrkur sá vera hvort sem er til námskeiða eða einstaklinga.
- b) Styðja eftir mætti, ýmiskonar menningarstarfsemi innan starfssvæðis sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefur aðsetur í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ. Stjórnina skipa 3 konur. Kona kosin af aðalfundi Kvenfélagasambands Suður-Þingeyjarsýslu, önnur kona valin af bæjarstjórn Húsavíkur og kona er héraðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu kýs. Kjörtímabilið sé það sama og í bæjarstjórn og sveitastjórn. Formaður kosinn af Kv.S.Þ. á aðalfundi, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Hún tekur á móti framlögum til sjóðsins, veitir fé úr honum og annast reikninga hans. Stjórn sjóðsins starfar kauplaust, en að öðru leyti kostar sjóðurinn óhjákvæmileg útgjöld vegna starfsemi sjóðstjórnar.

7. gr.

Sjóðinn ber að ávaxta á sem hagkvæmastan hátt. Skulu reikningar hans árlega lagðir fram, endurskoðaðir fyrir Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu, til samþykktar. Einnig skal aðalreikningurinn árlega sendur héraðsnefnd Þingeyinga og bæjarstjórn Húsavíkur til athugunar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu árlega kosnir fyrirfram. Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu kýs endurskoðendurna.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum má fyrst fara fram, þegar hann er orðin kr. 20.000 – tuttugubúsundkrónur-. Má þá og eftirleiðis úthluta öllum tekjum hans öðrum en minningargjöfum. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

9. gr.

Leysist Kvenfélagasamband Suður-Þingeyinga upp, skulu héraðsnefnd Þingeyinga og bæjarstjórn Húsavíkur annast það, að sjóðurinn starfi eigi að síður áfram, á sama grundvelli og áður.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á aðalfundi Kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga og skulu breytingartillögur áður hafa verið sendar héraðsnefnd Þingeyinga og bæjarstjórn Húsavíkur til umsagnar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

12. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð þingeyskra kvenna sem staðfest var af dómsmálaráðherra 8. maí 1953.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 2006.

F. h. r.

Bryndís Helgadóttir.

Fanney Óskarsdóttir.